

Gjaldskrá á endurvinnslustöðvum Kölku í Vogum, Grindavík og Helguvík

Gildir frá 1. júlí 2017

Meðfylgjandi er gjaldskrá á endurvinnslustöðvum Kölku fyrir ákveðnar tilgreindar tegundir úrgangsefna frá heimilum á Suðurnesjum **gildir frá og með 1. júlí 2017.**

Eins og sjá má eru fjölmargar tegundir úrgangsefna undanþegnar gjaldskyldu eins og verið hefur.

Fyrirtæki fá aðgang að endurvinnslustöðvum með því skilyrði að greiða fullt gjald fyrir allan gjaldskyldan úrgang. Vakin er athygli á því að allur úrgangur sem berst á endurvinnslustöðvar Kölku með bifreiðum sem bera rauðar númeraplötur og/eða eru merktar fyrirtækjum, er litið á sem rekstrarúrgang. Úrgangur sem að mati starfsmanna Kölku er ekki móttökuhæfur á endurvinnslustöð, er vísað til móttökustöðvar í Helguvík.

Gjaldtaka á endurvinnslustöðvum Kölku er samkvæmt rúmmáli og er nánar skilgreint hvaða úrgangsefni eru gjaldskyld og hvaða úrgangsefni eru án gjaldskyldu fyrir heimili. Einnig eru upplýsingar um gjaldskyldu og undanþágur fyrir rekstraraðila sem koma með úrgang á endurvinnslustöðvar. Fyrir rekstraraðila vísast að öðru leyti til gjaldskrár fyrir stofnanir og fyrirtæki.

Gjöld, kr. með vsk. fyrir einstaka farma:

0,25 m ³	0,5 m ³	0,75 m ³	1 m ³	1,25 m ³	1,5 m ³	1,75 m ³	2 m ³
950,-	1.900,-	2.850,-	3.800,-	4.750,-	5.700,-	6.650,-	7.600,-

	Gjaldskylt frá heimilum	Gjaldskylt frá rekstraraðilum
Timbur, allar tegundir s.s. ónýt vörubretti, innréttingar, gólfefni, smíðatimbur o.þ.h. Athugið að endurnýtanleg vörubretti eru gjaldfrjáls og öll stærri húsgögn bera lágmarksgjald pr. stk.	Já	Já
Grófur og blandaður úrgangur vegna framkvæmda , s.s. gler, steinefni, múrbrot, salerni, handlaugar, baðkór, flísar o.þ.h.	Já	Já
Blandaður úrgangur vegna minni atvinnustarfsemi	Já	Já
Blandaður úrgangur vegna húsdýrahalds. Athugið að heyrúlluplast er gjaldfrjálst	Já	Já
Blandaður „heimilisúrgangur“ í eðlilegu magni (ca. 2-3 ruslapokar)	Nei	Já
Garða- og gróðurúrgangur s.s. gras, trjágreinir o.þ.h.	Nei	Já
Málmur , allar tegundir	Nei	Nei
Hjólbarðar , allar stærðir	Nei	Nei
Bylgjupappi , blöð, tímarit o.þ.h.	Nei	Nei
Raftæki af öllum gerðum s.s. þvottavélar, þurrkarar, eldavélar, ísskáp, örbylgjuofnar, tölvur, sjónvörp o.þ.h.	Nei	Nei
Spilliefni sem bera úrvinnslugjald (Sjá almenna spilliefnagjaldskrá)	Nei	Nei

Athugið að allur úrgangur sem móttækinn er á endurvinnslustöðvum Kölku þarf að vera vel flokkaður